

## Frá fjárveitingnefnd neðri deildar alþingis.

Hér skal getið nokkurra af tillögum fjárveitinganefndar neðri deildar alþingis.

Nefndin leggur til, að fjárveiting til bryggjagerða og lendingabóta sé hækkuð að mun frá því, sem lagt er til í frv. stjórnarinnar, í 91 þús. kr. úr 20 þús. kr. Styrkunum sé varið til bryggjagerða við Keflavík í Gullbringusýslu (á Vatnsnesi), á Húsavík, í Hnífsdal, á Hvammstanga, á Vopnafirði og í Haganessvík og til umbóta á bátalegunni við Akranes.

Þá leggur nefndin til, að á tveimur næstu árum verði veittar samtals 150 þús. kr. til að kaupa fjölsímatæki handa landsímanum, er notuð verði milli Reykjavíkur og Akureyrar, en áhald þetta kemur að sömu notum og þrjár nýjar símalínur.

Fé til uppþóta á laun simritara sé aukið um nálægt þriðjung. Launin eru svo lág, að án hækkunar þeirra telur landssímastjóri vonlaust um, að hæfir menn fá íst til að gegna starfinu til framþúðar.

Þá hefir nefndin tekið upp tillögu um dálitla fjárveitingu, — sem nú er í fjárlögum, en stjórnin hafði felt úr í frv. sínu —, til þriggja sérfróðra lækna hér í borginni fyrir það, að tveir þeirra, Ólafur Þorsteinsson, háls-, nef-, og eyrna-læknir, og Vilhelm Bernhöft tannlæknir, veiti stúdentum í læknadeild háskólans tilsiðgn hvor í sinni sérfræði, og að þeir og þriðji læknirinn, sem er Jón Kristjánsson nuddlæknir, veiti hver um sig fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, eigi sjaldnar en fjórum sinnum í mánuði, og gefi skýrslu þar um.

Styrktar- og sjúkra-sjóður verkakvennafélagsins „Framsóknar“, styrktarsjóðar Sjómannafélags Vestmannaeyja, sjúkrasjóður verkamannafélagsins „Drifanda“ í Vestmannaeyjum og sjúkrasjóður Félags járnsmíðanema í Reykjavík njóta dálitils styrks í fjárlögum þessa árs, en stjórnin tók hann ekki upp í frv. sitt. Nefndin leggur til, að næsta ár fái þrjú fyrst töldu félögin 500 kr. hvert og Félag járnsmíðanema 200 kr.

Nú er í ráði að stúdentagarðurinn verði reistur á komanda sumri. Er gert ráð fyrir, að ríkið greiði til hans 25 þús. kr., sem veittar voru í fjárlögum ársins 1929, en hafa ekki verið teknar út. Nefndin leggur til að auk þess verði veitt til hans jafnhá upphæð í fjárlögum næsta árs.

Gert er ráð fyrir, að næsta ár verði reist Hallgrímskirkja að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Er áætlað, að hún kosti 45 þús. kr. Fjárveitinganefndin gerir ráð fyrir, að ríkið leggi til fimtunga áætlunarverðs, og leggur til, að

þar af verði 3 þús. kr. veittar í fjárlögum næsta árs.

Eins og sjómaður skrifaði nýlega um hér í blaðinu skortir stýrimannaskólann mjög ýms nauðsynleg kenslutæki. Forstöðumaður skólans hefir farið fram á, að þingið veiti 20 þús. kr. til áhaldakaupa handa skólanum. Fjárveitinganefndin leggur til, að veittur sé helmingur þeirrar upphæðar, — 10 þús. kr.

Enginn íslenskur námsmaður hefir til þessa lagt sérstaka stund á að kynna sér til hlitar nýjustu byggingaraðferðir úr járnbentri steinsteypu, samkvæmt því, er segir í álitni nefndarinnar. Hún leggur til, að Jóni Sigurðssyni stúdent verði veittur dálitill styrkur til þess að leggja stund á þá grein byggingarfræðinnar. Telur nefndin þess mikla þörf, að einhver Íslendingur læri þá tegund verkfræði, „jafnmikið og nú er bygt hér úr því efni og verður án efa í framtíðinni.“

Guðmundur Einarsson listamaður frá Miðdal hefir fengið úr því skorið fyrir ítarlegar rannsóknir, sem hann hefir gert á íslenskum leirnamum og allviðtækum tilraunir, er hann hefir látið gera með íslenskan leir í Þýzka-landi, að sumar tegundir af íslenskum leir standi á sporði beztu leirtegundum erlendum til ýmis konar iðnaðar og að hér á landi séu óþrjótandi námur af not-hæfum leir til brenslu. Nú hefir hann brotist í því að afla sér fullkominna leirbrenslutækja. Hefir hann þegar lagt mikið fé og fyrirhöfn í undirbúning þessarar merkilegu nýjungar. Vantar hann 5 þúsund kr. til þess að kljúfa kostnaðinn við kaupin á leirbrenslutækjunum, og leggur fjárveitinganefndin til, að alþingi veiti honum þá upphæð. Er hann vel að henni kominn, svo mikinn áhuga sem hann hefir sýnt á því að koma upp íslenskri leirbrenslu.

## Alþingi.

### Neðri deild.

Þar var í gær frv. um fram- lengingu gengisviðaukans afgreitt til 3. umræðu.

Bjarni og J. Ól. flytja frv. um, að ríkið skuli árlega veita 150 þús. kr. til kaupa og starfrækslu á *skurðgröfum*, en Búnaðarfélag Íslands hafi síðan umsjón með. Hafi félagið skurðgraftarfræðing í þjónustu sinni, er leiðbeini í þeim efnum, og séu skurðgröfurnar lánaðar til að gera aðal- framræsluskurði á mýrlendi gegn því, að áveitusvæðisbúar greiði 2/3 starfrækslukostnaðarins. — Frv. var vísað til 2. umræðu og landbúnaðarnefndar.

Síðan var lengi rætt um hafn- argerð á Sauðárkróki, en 2. um- ræðu lauk ekki að því sinni.

### Efri deild.

#### Málsvarar bruggaranna.

Eins og áður hefir verið skýrt frá hér í blaðinu, kom Jón Þor- láksson fram sem málsvari áfeng- isbruggara, „sem ekki ætli sér að selja öðrum það, sem þeir brugga“, þegar breytingar á á- fengisvarnalögnum voru til 2. umræðu í efri deild. Hélt hann því fram, að refsíakvæði laganna við bruggun áfengis, „sem ekki sé ætlað til sölu“, séu alt of ströng. — Og sjá! Eftir það kom Jóhannes, fyrv. bæjarfógeti, til skjalanna og flutti þá viðaukatil- lögu við frv., að sektalágmarkið fyrir áfengisbruggun sé lækkað um helming, úr 1000 kr. í 500, og að sökudólgur sæti ekki fang- elsi, nema það *sannist*, að áfeng- ið hafi verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun. Er augljóst, að oft er erfitt að sanna, hvort bruggarinn hefir ætlað að selja áfengið eða „gefa“ það, svo að þarna er mjög dregið úr refsingu þeirri, sem lögin ákveða fyrir bruggun áfengis. — Tillaga þessi náði samþykki í deildinni við 3. umræðu málsins í gær. Var frv. svo breytt sent neðri deild.

Frv. um sölu Hólma í Reyðar- firði til Ekkifjarðarkauptúns var vísað til 2. umræðu og allsherj- arnefndar (í síðari deild).

## Vélbátur sigldur í kaf.

Vestmannaeyjum, FB., 11. marz. Færeysk skúta sigldi aftan á vél- bát, sem var við línuna í morgun, skamt austan við Eyjar. Rendi skútan á bátinn aftarlega og munaði minstu, að allir menn- irnir á vélbátinum færust. Fjórir þeirra komust upp á skútuna, en einn þeirra, Færeyingur, komst ekki upp, og sökk hann með bátinum. Vélbáturinn, sem sökk, var „Nonni“, sem áður var á Siglufirði og hét þá „Marz“.

### Hassel enn!

London 11. marz FB. Sænsk- ameríski flugmaðurinn Bert Has- sell ætlar að freista þess enn einu sinni að fljúga yfir Atlants- haf um Labrador og Ísland.

Hassel ráðgerir að leggja af stað í flugið í maí eða júní.

### Brezka stjórnin

London 11. marz FB. Er greidd voru atkvæði um viðaukatillögur íhaldsmanna við kolafrumvarp stjórnarinnar beið stjórnin ósigur. Greiddu 282 þingmenn atkvæði með tillögum íhaldsmanna, en 274 á móti. Tillögurnar, sem um er að ræða, eru all-mikilvægar.

— Fullyrt, eftir góðum heimild- um, að stjórnin muni ekki segja af sér.

Síðara skeyti: Ramsay MacDo- nald hefir tilkynnt, að stjórnin muni ekki biðjast lausnar.

## Réttarrannsóknin.

Jónas dómsmálaráðherra og kona hans, hafa fyrir rannsóknar- dómaranum Þórði Eyjólfssyni, undir eids tilboð, staðfest skýrslu þá, er kom í Tímanum um heim- sókn Helga Tómassonar læknis í Sambandshúsið þann 19. febrú- ar. En eins og kunnugt er, dylgj- aði Helgi um að á sig væri hall- að í frásögninni, en játaði, að ef hann hefði komið fram eins og frá hafði verið skýrt, þá væri það honum til stór minkunar bæði sem lækni og sem manni, og mun þar sízt of hart að kveðið.

Í gær kl. 3½ e. h. var Helgi kallaður fyrir rannsóknardómar- ann, og fór það réttarhald fram á bæjarþingstofunni. Var þá tækifæri fyrir Helga að segja af- dráttarlaust frá framkomu sinni þennan dag. En er til kom neitaði Helgi alveg að skýra frá þessum atburði, og mun það af almenn- ingi verða skoðað sem fullkomin játning frá hans hálfu, enda væri engin ástæða til þess fyrir hann að neita að skýra frá, ef það sem hann gæti borið, gæti bætt mál- stað hans.

## Vatnsleysið í Reykjavík.

Síðan um nýjár (og reyndar fyr en það) hefir verið vatnslaust í Skólavörðuholtinu, frá hádegis fram til 5—6 síðdegis. Hefir þetta vatnsleysi verið stórlega bagalegt fyrir fólkið, sem oft er í stökustu vandræðum, ekki ein- ungis um vatn til þvotta, heldur einnig til neyzlu. En síðustu þrjá dagana hefir alveg keyrt um þverbak, því vatnslaust hefir orð- ið fyrir klukkan tíu á morgnana, og vatnsleyðslan verið þur til kl. að ganga tíu á kvöldin.

Hvað á þetta að ganga lengi? Hefir Knud Zimsen borgarstjóri ekki tíma til þess að fást við slík „smámál“, sem það, hvort mörg þúsund manns vantar vatn? Ætla mætti að Knud Zimsen hefði dálítið betri tíma nú, eftir að búíð er að kjósa hann sem borgarstjóra, því nú fer enginn tími í að labba milli íhalds-bæj arfulltrúanna, til þess að biðja þá um að vera nú almennilega og skila ekki auðum seðli.

— Í Fusen í Koreu varð spreng- ing í fyrradag við kvikmyndasýningu og fórust þar 104 skóla- börn.